

Núpstún

Athugasemdir

Eftirfarandi athugasemdir við örnefnaskrá Núpstúns voru skráðar í símtali við Jón Sigurðsson í Hrepphólum 8. júlí 1987. Jón las athugasemdirnar yfir og lagfærði nokkur atriði og bætti við upplýsingum, sem hér eru felldar inn.

Jón segir, að Tordalur (55) heiti Torfdalur (75). Torf var rist í Torfdalsmýri (76) og notað, þegar fjárhús voru byggð í Stekkjartúni (49). Veggir voru þannig gerðir, að steinar voru neðst og torflag, þegar búið var að láta mold að steinum, til að binda saman. Í árefti á sperrur voru helzt hafðar hellur, ef hægt var að fá þær, síðan tyrft yfir og haft gott ris, svo að vatn læki ekki niður í húsið.

Hellunáma var bezt í Skítholti við Hvítá, ofarlega í Hrunamannahreppi. Hellur voru sóttar þangað á sínum tíma og voru eftirsóttar. Þær voru þunnar og stórar. Hellurnar voru teknar í vestasta ásnum. Þar er þröngt um Hvítá og bezt að taka hellur á hesta, þegar ís var á ánni. Holtið tilheyrir Skipholti. Skipholt er heiti á stórbýli ofarlega í Hrunamannahreppi. Bæjarhús og tún Skipholts I og II eru austur við þjóðveginn, er liggur upp að Brúarhlöðum og áfram að Gullfossi og Geysi (frá 1906).

(Í bókinni Konungskoman 1907 er mynd af bændabýlinu Skipholti, sem hefur sennilega verið eitt bezta og reisulegasta býlið, er konungsfylgdin fór fram hjá, enda tekin upp glös og flöskur.) Enn eru til hellur í Hrepphólum. Ef ekki voru til hellur, var haft hrís í árefti. Höggvín voru tré, hæfilega stór.

Heytorf í Núpstúni var skorið niðri í Krókum (10), þar var gott torfristuland. Þurrkað var í Svarðarlág (8). Torf var tekið þarna til að tyrfa hey í Stekkjartúni, svo og önnur hey, heima hjá fjósi og á Sandvelli, áður en heyhlöður komu. Skorið var með heytorfsljá. Tveir skáru torfuna. Smágrasbrún var höfð á hverri torfu og síðan raðað á heyið, svo að grasið væri samfelld.

Torfdalsholt (77), Torfdalsgil (78) og Torfdalsvað (79) fá nafn af Torfdal.

Fráfærur voru lagðar niður í sveitinni milli 1920 og 1930. Í Núpstúni hafa ær e.t.v. verið mjólkaðar í nátthögunum á Sandvelli (3). Ærmjólkin þótti mikið búsilag, eftir að rjómbúin komu. Kýr voru mjólkaðar á stöðli.

Ingunnarhóll (47) er sérstæður. Hann mun vera myndaður við gos. Í honum eru

líparítflísar, gott efni til að snyrta með í görðum. Undir Ingunnarhól er mikil vatnsuppspretta. Vatnið var leitt heim að Núpstúni og króað af, og þar var þvegið. Vatn er nú tekið í þessari uppsprettu fyrir alla bæina í Hrepphólum. Ekki veit Jón, við hvaða Ingunni hóllinn er kenndur, eða af hvaða tilefni.

Jón þekkir ekki tilefni nafnsins Þorsteinsleiti (61).

Stapi (64) er líka nefndur Arnarstapi (80).

Gagnslaus (66): Stundum var þar ágæt veiði, en fyrir kom, að þar var enginn lax. Það fór eftir því, hvernig áin féll niður að kletti austan megin. Ef hún féll skáhallt að klettinum, myndaðist hylur, og þá var þar lax, en rynni áin beint, grynkaði, og þá var engan lax að fá, hylurinn var gagnslaus.

Hvergi er mógrafir að sjá í Núpstúni, nema e.t.v. þar sem Stóradý (9) er nú, og hefur þá að sjálfsgöðu ekki verið vatn í því, þegar mór var tekinn þar.

Fjárskjólasklettur (81), Kindabólasklettur (82) og Lambaklettur (62) er allt sami kletturinn.

Núpstúnsnípa (35): Frá vissu sjónarhorni á þjóðveginum er nípan í mannsmynd, mynd af feitum kvenmanni. Jón Ófeigsson yfirkennari, frændi Jóns í Hrepphólum, sá vangamynd af Viktoríu Englandsdrottningu í Englandi. Hann sagði, að Núpstúnsnípa væri lík þessari mynd. Til þess að það sjáist, þarf að standa á vissum stað á veginum.

Örnefnastofnun, 13. okt. 1987

Jónína Hafsteinsdóttir

Tölusetning á við skrá eftir Jóhann Má Guðmundsson.

Stafrófsskrá örnefna,

Arnarstapi 80 = 64

Fjárskjólasklettur 81 = 62,82

Kindabólasklettur 82 = 62,81

Torfdalsgil 78 = 53

Torfdalsholt 77 = 54

Torfdalsmýri 76 = 52

Torfdalsvað 79 = 69

Torfdalur 75 = 55